

Nd.

161. Nefndarállt

um frv. til laga um bryggjuerð í Borgarnesi o. fl.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta á nokkrum fundum og komist að þeirri niðurstöðu að leggja til, að það verði samþykkt með einni breytingu.

Nefndin er sammála stjórninni í því, að nauðsynlegt sje að flýta sem mest akvegi milli Norður- og Suðurlands, og því sje einnig nauðsynlegt að gera

lendingu og legu í Borgarnesi örugga og tryggja. Verður að álíta, að svo megi verða með þeim framkvæmdum, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Eins og frumvarpið ber með sjer, er mál þetta heldur lítið undirbúið. Einhverjar rannsóknir hafa verið gerðar og kostnaðaráætlun samin, en hvergi nærri til fullnaðar. Það virðist því hata legið beinast við að láta málið óútrætt að sinni og bíða eftir fullnaðarrannsókn og áætlun, en þar sem þó ekki á að byrja á framkvæmdum fyrir en slík rannsókn hefir farið fram, þykir nefndinni ekki ísjárvert að ráða til samþykta frumvarpsins, en henni þykir þó rjett, af þessari ástæðu, að binda fjárframlagið til þessara framkvæmda við vissa upphæð, er hún telur hæfilega setta 150000 kr.

Leggur því nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Aftan við 3. gr. bætist:

Þó má framlag til þessara framkvæmda ekki fara fram úr 150000 kr.

Jón A. Jónsson,
form.

Kl. Jónsson,
fundaskrifari og frsm.

Jón Kjartansson.

H. J. Kristófersson.

Sveinn Ólafsson.